

Samkomulag um uppgjör tjónabóta milli Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639 og Viðlagatryggingar Íslands, kt. 520276-0259.

Viðlagatrygging Íslands, kt. 520276-0259 og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, gera með sér eftirfarandi samkomulag um uppgjör tjónabóta vegna tjóns á eignum Ísafjarðarbæjar á Ísafirði og Suðureyri í vatnsflóði 8. febrúar 2015.

Í málinu liggja fyrir þrjár tjónstilkynningar, nr. 189-191. Aðilar funduðu um málið 21. nóvember 2016, þar sem fram kom að fáiist niðurstaða í málið með framlagningu reikninga fyrir útlögðum kostnaði bæjarfélagsins, sem ætti nú þegar að liggja fyrir í málinu, væri ekki talin þörf á sérstöku tjónamati. Aðilar funduðu aftur um málið 2. mars 2017, þar sem fram kom að unnt væri að ljúka málinu á ofangreindum grundvelli án tjónamats, þar sem kostnaðarreikningar liggja nú fyrir. Mat á tjóni vegna lagna í Urðarvegsbrekku byggir á mati á grundvelli váttryggingafjárhæða. Á fundinum var farið yfir allt málið og er það sameiginleg niðurstaða aðila eftir þessa yfirferð og mat á forsendum málsins, að endanleg fjárhæð váttryggingarbóta til þess að ljúka málinu skuli vera samkomulagsbætur, alls kr. xx.000.000, að teknu tilliti til eigin áhættu Ísafjarðarbæjar.

Einnig er það sameiginleg niðurstaða aðila málsins, að með greiðslu þessara samkomulagsbóta, sé þessu máli endanlega lokið af beggja hálfu. Þannig mun Ísafjarðarbær ekki krefja Viðlagatryggingu um frekari váttryggingabætur fyrir tjón á eignum bæjarins á grundvelli tjónstilkynninganna sem nú liggja fyrir í málinu vegna vatnsflóðs 8. febrúar 2015. Samkvæmt þessu lýsir lýsir Ísafjarðarbær því yfir, að fallið er frá öllum kröfum, hvaða nafni sem þær nefnast, sem reistar eru á grundvelli vatnsflóðs 8. febrúar 2015, á hendur Viðlagatryggingu Íslands. Þar með talið tilkynningum um tjón og/eða viðbótartjón eða annan kostnað frá Ísafjarðarbæ vegna atburðarins frá 3ja aðila, á hendur Viðlagatryggingu Íslands.

Staður / 2017

F.h. Ísafjarðarbæjar

F. h. Viðlagatryggingar Íslands

Framkvæmdastjóri VTÍ

Vottar:

